

Reglugerð þessi er sett samkv. heimild í 36. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að gilda frá 1. janúar 1978. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 3 4. janúar 1977 um breyting á reglugerð nr. 7/1964 um iðgjald til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld í Egilsstaðahreppi.

1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta í Egilsstaðahreppi, á lóð eða leigir lóð í bænum við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0.15% af fasteignamati húsa og lóða skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28, 29. apríl 1963.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 2 000.00.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald eigi virt fasteignavirðingu og skal þá greiða holræsagjald skv. samþykktum uppdráttum, kr. 10 00 á hvern rúm-metra í íbúðarhúsnæði og kr. 5.00 á hvern rúm-metra í öðru húsnæði.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

Ekki skal reikna holræsagjald fyrsta árið sem byggingin er í notkun.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslum gjaldsins.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og að-fararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Egilsstaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum lögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til effirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.